

Alþingi

Erindi nr. D 1201916

komudagur 4/3 1996

Iðnaðar- og viðskiptarábuneytið
Arnarhóll - Sími 560-9070 - Bréfsími 562-1289

SÍMBRÉF

Móttakandi: Guðjón Rúnarsson Efnahags-og viðskiptanefnd Alþingi Bréfsími: 563 06 10	Sendandi: Tryggvi Axelsson Tilvísun: 94120031 Bréfalykill:
Sent: 29. febrúar 1996	Fjöldi síða :6

Efni: Drög að nýrri 16. gr. frv. til br. 1.43/1993

Sæll Guðjón!

Sendi þér hjálaga drög að nýrri 16. gr. frv. þar sem tekið hefur verið tillit til umræðna og athugasemda nefndarinnar frá því í morgun.

Með bestu kveðju,


Tryggvi.

Viðskiptaráðuneytið

Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 43/1993,
um viðskiptabanka og sparisjóði

DRÖG II

29. feb. 1996

Mælt er með að í stað 16. frv. komi eftirfarandi tillaga:

X. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina Tryggingarsjóðir Innlánsstofnana,
orðast svo:

Tryggingarsjóður viðskiptabanka

a. (75. gr.)

Viðskiptabankar með staðfestu hér á landi skulu eiga aðild að Tryggingarsjóði viðskiptabanka. Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Aðilar að sjóðnum bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans.

Hlutverk Tryggingarsjóðs viðskiptabanka er að tryggja innstæðueiganda skil á greiðslu innstæðu sem hann hefur krafist endurgreiðslu á og viðskiptabanki eða útibú er ekki fær um inna af hendi samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga og reglugerð er ráðherra setur.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum til þriggja ára í senn og jafnmörgum til vara. Samband íslenskra viðskiptabanka tilnefnir einn mann í stjórn sjóðsins. Ráðherra skipar stjórn sjóðsins

Ráðherra setur nánari ákvæði um Tryggingarsjóð viðskiptabanka í reglugerð, svo sem um verksvið stjórnar, ávöxtun á eignum sjóðsins og tilhögun greiðslna úr innstæðudeild skv. nánari ákvæðum þessara laga.

ATHS: Ennfremur yrði kveðið svo á að ríkissjóður yfirtaki kröfu lánadeildar á Landsbanka Íslands um endurgreiðslu vikjandi láns sem ríkið veitti bankanum í gegnum lánadeild sjóðsins, sbr. lagasetningu um þetta efni árið 1993 (sbr. lög nr. 16/1993, um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu Innlánsstofnna). Æskilegt væri að fá tillögu að ákvæði til bráðabirgða um þetta efni frá fjármálaráðuneytinu, þar sem kveðið væri á um nánari útfærslu, en tillaga viðskiptaráðuneytisins er: Við frv. bætist ný grein er verði XX, svohljóðandi:

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Ríkissjóður yfirtekur eignir og skuldir lánadeildar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka á gildistökudegi laga þessara.

Tryggingarsjóður sparisjóða

b. (76. gr.)

Tryggingarsjóður sparisjóða er sjálfseignarstofnun sem allir sparisjóðir skulu vera aðilar að. Meginhlutverk Tryggingarsjóðs sparisjóða er að tryggja fjárhagslegt

öryggi sparisjóða og full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit sparisjóðsins, sbr. nánari ákvæði þessara laga.

Tryggingarsjóður sparisjóða skal starfa í tveimur sjálfstæðum deildum, innstæðudeild og lánadeild, með aðskilinn fjárhag og reikningshald. Eignir annarrar deildarinnar verða ekki notaðar til að standa skil á skuldbindingum hinnar. Hlutverk lánadeildar er að tryggja fjárhagslegt öryggi sparisjóða. Í því skyni er stjórn sjóðsins heimilt að veita sparisjóði lán eða yfirtaka vissar eignir sparisjóðs, ganga í ábyrgðir fyrir sparisjóð, bæta sérstakt tap og kostnað sem sparisjóður verður fyrir og veita sparisjóðum stuðning að öðru leyti á hvern þann hátt sem stjórn sjóðsins ákveður í samræmi við ákvæði laga þessara og samþykktu sjóðsins. Í samþykktum sjóðsins skal setja nánari reglur um starfsemi lánadeildar, svo og reglur um tekjur hennar og lánveitingar.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Tryggingarsjóðs sparisjóða. Sérhver aðili að sjóðnum fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlut hans í samanlögðum tryggðum innstæðum næstliðið ár fyrir aðalfund. Um aðal- og aukafundi sjóðsins gilda að öðru leyti ákvæði 32.-34. gr. eftir því sem við getur átt.

Stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða fer með málefni hans milli aðal- og aukafunda. Hún skal skipuð fimm mönnum og skulu fjórir stjórnarmenn ásamt jafnmörgum varamönnum skulu kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er. Ráðherra tilnefni einn manng og skal hann tilnefndur til þriggja ára í senn. Stjórn Tryggingarsjóðsins kys sér formann og skiptir með sér verkum. Nánar skal kveðið á um skipan og verkefni stjórnar og starfsemi sjóðsins að öðru leyti í samþykktum hans.

Stjórnarmenn og starfsmenn Tryggingarsjóðs sparisjóða eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 43. gr.

Aðalfundur setur Tryggingarsjóði sparisjóða samþykktir sem háðar skulu staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn bankaefstirlitsins.

Um ársreikning og endurskoðun Tryggingarsjóðs sparisjóða fer samkvæmt ákvæðum VII. kafla. Um eftirlit með starfsemi sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum XIV. kafla.

Tryggingarsjóður sparisjóða er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Erlend útibú innlánsstofnana

b. (76. gr. A):

Útibú erlendra viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu í öðru ríki á hinu Evrópska efnahagssvæði og starfa hér á landi er heimil aðild að tryggingarsjóðum innlánsstofnana er starfa í samræmi við ákvæði þessara laga..

Útibú erlendra viðskiptabanka og sparisjóða sem hafa staðfestu utan hins Evrópska efnahagssvæðis og starfa hér á landi skulu vera aðilar að Tryggingarsjóði viðskiptabanka eða Tryggingarsjóði sparisjóða, eftir því sem við getur átt, enda sé útibúið ekki aðili að sambærilegu innlánaþryggingakerfi í heimaríki sínu.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um aðild útibúa erlendra viðskiptabanka og sparisjóða að tryggingarsjóðum innlánsstofnana svo og um þær viðbótarþryggingar sem útibú þurfa til þess að geta starfað hér á landi. Um

iðgjöld og greiðslur vegna trygginga samkvæmt þessari grein skal nánar kveðið á um í reglugerð.

Almenn ákvæði um starfsemi tryggingarsjóða

c. (77. gr.)

Heimilt er innstæðueiganda að krefja tryggingarsjóð um greiðslu innstæðu sem hann hefur krafist viðskiptabanka eða sparissjóð um endurgreiðslu á, í samræmi við þá skilmála er um hana gilda og viðskiptabanki eða sparissjóður er að álit bankaeftirlitsins ekki fær um að inna tafarlaust af hendi eða í nánustu framtíð vegna greiðsluferfiðleika. Álit bankaeftirlitsins skal liggja fyrir eigi síðar en þremur vikum eftir að bankaeftirlitið fær fyrst staðfestingu á því að hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparissjóður hafi ekki greitt innstæðu eins og honum bar að gera. Greiðsluskylda tryggingarsjóðsins vaknar einnig ef ákveðið er að slíta viðskiptabanka eða sparissjóði, sbr. ákvæði VIII. kafla.

Með innstæðu í 1. mgr. er átt við innstæðu sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparissjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum. Tryggingin nær hins vegar ekki til skuldabréfa, víxla og annarra krafna sem útgefnur eru af viðskiptabanka eða sparissjóði í formi verðbréfa.

Undanskildar tryggingu skv. 1. mgr. eru innstæður í eigu annarra viðskiptabanka, sparissjóða og annarra lánastofnana fyrir þeirra eigin reikning og innstæður sem tengjast málum þar sem sakfelld hefur verið fyrir peningabætti.

Tryggingarsjóður viðskiptabanka og Tryggingarsjóður sparissjóða verða ekki teknir til gjaldþrotaskipta. Óheimilt er að gera aðför í sjóðunum.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um eftirfarandi atriði að höfðu samráði við stjórnir tryggingarsjóða innlánsstofnana:

1. Tilhögun á greiðslum úr tryggingarsjóðum er lög þessi taka til.
2. Skyldu viðskiptabanka og sparissjóða til að upplýsa viðskiptavinum um aðild sína að tryggingarsjóðum fyrir innlánsstofnanir og um helstu atriði innstæðutryggingarinnar og jafnframt takmörkun á notkun þessara upplýsinga í samkeppnisskyni.
3. Tryggingu á innstæðu þegar um sameiginlegan innlánsreikning er að ræða eða þegar innstæðueigandi á ekki ótvíræðan rétt til innstæðu.

ATH: Eftirfarandi grein (d. (78) væri rétt að flytja frammar inn í millikafla um Tryggingarsjóð sparissjóða, eða inn í viðkomandi grein um Tryggingarsjóð sparissjóða, þ.e. b.(76. gr.). Í því tilfalli að textinn yrði felldur inn í b.(76.gr.) þá er lagt til orðalag í till. 2. hér að neðan:

Tillaga 1(núverandi texti):

d. (78. gr.)

Auk innstæðutrygginga er Tryggingarsjóði sparissjóða heimilt að veita sparissjóði vskjandi lán úr lánadelli í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans fskv.

~~samþykktum sjóðsins eða reglugerð sem um hann gildir. Stjórn sjóðsins getur sett skilyrði fyrir lánveitingu.~~

Stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða er heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag sparisjóðs sem veitt er vskjandi lán. Getur stjórnin í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi sparisjóði.

Tillaga 2:

Texti d. (78. gr.) felldur inn í b.(76. gr.) í 2. mgr. og fyrri málsgreinin yrði sett inn á undan síðasta málsl. þeirrar greinar, en síðari málsgreinin þar á eftir þannig að niðurlag 2. mgr. í b.(76. gr.) yrði svohljóðandi:

Tryggingarsjóði sparisjóða er enn fremur heimilt að veita sparisjóði vskjandi lán úr lánadeild í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans. Stjórn sjóðsins getur sett skilyrði fyrir veitingu vskjandi láns. Í samþykktum sjóðsins skal setja nánari reglur um starfsemi lánadeildar svo og reglur um tekjur hennar og lánveitingar. Stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða er heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag sparisjóðs sem veitt er vskjandi lán. Getur stjórnin í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi sparisjóði.

Aðalfundur fer með... o.s.frv.

e. (79. gr.)

Stefni skal að því að heildareign innstæðudeilda tryggingarsjóða innlánsstofnana nemi a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Hafi heildareign ekki náð lágmarki skv. 1. málsl. skulu allir viðskiptabankar og sparisjóðir greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins er nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, sbr. þó hámark skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar. Þar til heildareign deildarinnar hefur náð tilskildu lágmarki skal hver viðskiptabanki og sparisjóður leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu fyrir jafnháum hlut af þeirri fjárhæð sem á vantar til að lágmarkinu hafi verið náð og nemur hlut tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði af samanlögðum tryggðum innstæðum. Nýr viðskiptabanki eða sparisjóður skal greiða sérstaklega til sjóðsins 1. mars ár hvert í sjö ár frá því hann hefur starfsemi hér á landi 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, í fyrsta sinn fullu ári eftir upphaf starfseminnar. Auk þess leggur hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður fram ábyrgðaryfirlýsingu fyrir mismun á greiðslu til sjóðsins og lágmarki skv. 1. málsl. þessarar greinar skv. nánari ákvæðum er ráðherra setur í reglugerð. Greiðslur til sjóðsins eru óendurkræfar.

Nú hrökkva eignir tryggingarsjóða innlánsstofnana ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanku eða sparisjóði og skal þá greiðslu úr sjóðnum skipt þannig milli innstæðueigenda að heildarinnstæða hvers innstæðueiganda allt að 1,7 milljónum króna er bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir sjóðsins hrökkva til. Fjárhæð þessi skal bundin við gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við kaupgengi hennar 3. janúar 1995. Sjóðurinn verður ekki krafinn um frekari greiðslu þótt innstæða hafi ekki verið bætt að fullu. Kröfur um innborgun í sjóðinn á grundvelli ábyrgðaryfirlýsinga geta á hverju ári ekki verið hærrí en sem nemur einum tunda hluta af lágmarksstærð sjóðsins skv. 1. mgr. þessarar greinar. Telji stjórn

sjóðsins brýna ástæðu til er henni heimilt að taka lán til að greiða innstæðueigendum hrökkvi eignir sjóðsins ekki til.

Komi til greiðslu úr tryggingarsjóði innlánsstofnana yfirtekur hann kröfu innstæðueiganda á hendur hlutabéigandi viðskiptabanka, sparisjóði eða protabúi.

f. (80. gr.)

Nú uppfyllir viðskiptabanki eða sparisjóður ekki skyldur sínar gagnvart tryggingarsjóði innlánsstofnunar samkvæmt lögum þessum og skal þá stjórn hans tilkynna það ráðherra án tafar. Hann skal veita hlutabéigandi viðskiptabanka eða sparisjóði allt að sex mánaða frest til úrbóta. Séu ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja frestinn um allt að sex mánuði til viðbótar.

Nú rennur frestur skv. 1. mgr. út án þess að hlutabéigandi viðskiptabanki eða sparisjóður hafi uppfyllt skyldur sínar gagnvart sjóðnum og skal ráðherra þá afturkalla starfsleyfi hans að fengnu álitu bankaeftirlitsins, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 89. gr. Ákvæði 2. mgr. 89. gr. á ekki við í slíkum tilfellum. Innstæður, sem stofnað er til áður en frestur skv. 1. mgr. rennur út, skulu njóta tryggingarverndar í samræmi við ákvæði 77. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um útbú erlendra viðskiptabanka og sparisjóða hér á landi sem aðild eiga að tryggingarsjóði innlánsstofnunar. Nú rennur frestur skv. 1. mgr. út þegar um er að ræða útibú viðskiptabanka eða sparisjóðs með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og skal þá bankaeftirlitið banna starfsemi þess hér á landi, sbr. 94. gr. Þegar um er að ræða útibú viðskiptabanka eða sparisjóðs með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal ráðherra afturkalla starfsleyfi þess að fengnu álitu bankaeftirlitsins.
